

## Reglur um innritun í grunnskóla Fljótsdalshéraðs og skilgreining á skólahverfum

Foreldrar bera ábyrgð á að skrá börn sín í grunnskóla. Foreldrar eiga þess kost að sækja um skóla fyrir börn sín í hvern þann skóla sem þau kunna að óska eftir í sveitarfélaginu. Þó eiga nemendur með lögheimili í tilteknu skólahverfi alltaf afdráttarlausan rétt á skólavist í sinn hverfisskóla og hafa því forgang ef skóli getur ekki brugðist við öllum umsóknum. Umsóknir um skólavist utan lögheimilishverfis skulu hafa borist til þess skóla sem sótt er um skólavist í eigi síðar en 31. mars það ár sem skólavistin hefst að hausti.

### SKÓLAHVERFI

**Egilsstaðaskóli:** Fyrrum Egilsstaðabær, fyrrum Eiða- og Hjaltastaðapinghá og fyrrum Valla- og Skriðdalshreppur.

**Fellaskóli:** Fyrrum Fellahreppur

**Brúarásskóli:** Fyrrum Norður-Hérað

**Þegar skólar leggja mat á umsóknir um skólavist utan skólahverfis skulu þeir taka mið af eftirfarandi þáttum:**

- Húsnæði, rými og aðstöðu skólans
- Nálægð heimilis við skóla
- Hvort systkini stunda nám við sama skóla
- Sérþarfir nemenda
- Aðrar persónulegar aðstæður eða sérstakar aðstæður nemenda og/eða fjölskyldu

Sé umsókn um skólavist utan skólahverfis hafnað skal tilkynna foreldrum það skriflega og skýra ástæður ákvörðunarinnar. Foreldrar geta skotið slíkri afgreiðslu til fræðslunefndar. Nemendur sem hlotið hafa skólavist utan lögheimilisskólahverfis hafa sama rétt til þjónustu skólans og nemendur úr skólahverfi skólans. Þó tryggir sveitarfélagið að svo komnu máli ekki skilyrðislaust skólaakstur fyrir nemendur sem eiga ekki lögheimili í því skólahverfi sem þeir sækja grunnskóla í.

Breytt í fræðslunefnd á fundi 21. apríl 2015

Staðfest í bæjarstjórn 6. maí 2015